



Krónan styrktist í mars

Í lok mars stóð evran í 148,2 krónum í samanburði við 152,9 í lok febrúar. Gengisvísitalan lækkaði (krónan styrktist) um 1,8%. Seðlabankinn mun draga úr reglulegri sölu á gjaldeyri frá og með byrjun apríl.

Í mars styrktist íslenska krónan gagnvart gjaldmiðlum flestra helstu viðskiptalanda okkar. Í lok mánaðarins stóð evran í 148,2 krónum í samanburði við 152,9 í lok febrúar og Bandaríkjadalur stóð í 126,5 krónum í samanburði við 126,2 krónur í lok febrúar.

Velta á millibankamarkaði með gjaldeyri var 51,5 ma.kr. (341 m.evra) í mars. Þar af var hlutdeild SÍ 12,2 ma.kr. (81 m.evra), sem var 24% af heildarveltunni.


Auk reglulegrar sölu á 3 m. evrum hvern viðskiptadag greip SÍ inn í þrjá daga í mars. Þriðjudaginn 23. mars keypti SÍ 6 m. evra, miðvikudaginn 24. mars seldi hann 3 m. evra umfram reglulega sölu og föstudaginn 30 mars keypti hann 3 m. evra.

Seðlabankinn hefur tilkynnt að hann ætli að draga úr reglulegri gjaldeyrissölu. Frá og með byrjun apríl mun SÍ selja viðskiptavökum 3 m. evra þrisvar í viku, þ.e. á mánudegi, miðvikudegi og föstudegi.

	30.3.2021	YTD	1M	3M	12M
GVT	194,2	-3,1%	-1,8%	-3,1%	-2,8%
EUR	148,5	-4,9%	-2,9%	-4,9%	-3,8%
USD	126,5	-0,6%	0,2%	-0,6%	-9,3%
GBP	173,9	0,2%	-1,0%	0,2%	0,6%
DKK	20,0	-4,8%	-2,9%	-4,8%	-3,4%
NOK	14,8	-1,1%	0,4%	-1,1%	11,8%
SEK	14,5	-6,9%	-3,9%	-6,9%	3,6%
CHF	134,3	-7,0%	-3,5%	-7,0%	-7,9%
JPY	1,15	-7,1%	-3,4%	-7,1%	-11,2%

Heimild: Kodiak


Gengisþróun



Síðasta dags. 31.3.2021
Heimild: Kodiak




Það sem af er ári hefur íslenska krónan styrkst á móti gjaldmiðlum flestra viðskiptalanda okkar.




Síðasta dags. 31.3.2021

Velta á gjaldeyrismarkaði í mars var 51,5 ma.kr. (341 m.evra). Hlutdeild Seðlabankans var 24%.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. mars 2021
Heimild: Seðlabanki Íslands

Auk reglulegrar sölu á 3 m. evra hvern viðskiptadag greip Sí inn í þrjá daga í mars.




Síðasta dags 31.3.2021
Heimild: Kodiac Excel

Flóktið á íslensku krónunni jókst milli mánaða í mars.




Mánaðarleg gögn, síðasta dagsetning mars 2021.
Heimild: Seðlabanki Íslands, útreikningar Hagfræðideildar

Vergur gjaldeyrisforði hækkaði um 640 m.evra. í febrúar, en ríkissjóður seldi skuldabréf í evrum að fjárhæð 750 m.evra í lok janúar.



Staða í lok mánaðar, síðasta dags. 28.2.2021
Heimild: Seðlabanki Íslands


Innlán innlendra aðila á I.G. reikningum, mæld á föstu gengi, lækkuðu um 10,6 ma.kr. (4,4%) í febrúar.



Staða í lok mánaðar, allar tölur á föstu gengi (28.2.2021)
Heimild: Seðlabanki Íslands




3.000 erlendingar gestir fóru um Leifsstöð í febrúar.




Heimild: Ferðamálastofa

Erlendum ferðamönnum um Leifsstöð fækkaði um 90% milli ára.




Mánaðarleg gögn, síðasta dags. febrúar 2021
Heimild: Ferðamálastofa

Án skipa og flugvéla var 10,8 ma.kr. halli á vöruviðskiptum við útlönd í febrúar.



Síðasta dags. febrúar 2021
Heimild: Hagstofa Íslands

Greiðslukortajöfnuður var neikvæður um 6,8 ma.kr. í febrúar.




Síðasta dags. febrúar 2021
Heimild: Seðlabanki Íslands

Raugengi miðað við verðlag var 1,1% hærri í febrúar en í sama mánuði 2020.



Síðasta dags. mars. 2021.
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Framlag gengisbreytinga til 12M breytingar á raugengi í mars er -1,9% prósentustig, framlag innlendar verðbólgu er 4,3%, framlag alþjóðleg verðbólgu er -1,4%



Síðasta dags. mars 2021
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef